

Alþingi
Erindi nr. P 135/3069
komudagur 14.7.2008



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566
postur@umhverfisraduneyti.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 10. júlí 2008
Tilv.: UMH08060089/0012

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dagsett 11. júní 2008 varðandi upplýsingar um kröfur sem gerðar eru til gæðastjórnunarkerfa í frumvarpi til laga um mannvirki sem nú er til meðferðar í nefndinni.

Fjallað er um gæðastjórnunarkerfi hönnuða í 23 gr., byggingarstjóra í 30 gr. og iðnmeistara í 31 gr. frumvarpsins. Í öllum tilvikum er fjallað um að viðkomandi aðilar skuli hafa gæðastjórnunarkerfi og síðan tekið fram að gæðastjórnunarkerfið ÍST EN ISO 9000 uppfylli settar kröfur. Í ákvæðunum er tilgreint hvað gæðastjórnunarkerfi skuli að lágmarki fela í sér en það skal síðan nánar útfært í reglugerð. Nánar tiltekið er í frumvarpinu kveðið á um að gæðastjórnunarkerfi fagaðila feli eftirfarandi í sér:

1. Hönnuðir og samræmingaraðilar:

Gæðastjórnunarkerfi hönnuðar skal a.m.k. fela í sér staðfestingu á hæfni hönnuðar, endurmenntun hans, skráningu á ákvörðunum varðandi einstakar framkvæmdir, gátlista um samræmi hönnunargagna við reglur og staðla, skrá um samþykkt hönnunargögn, þ.m.t. allar breytingar á hönnunargögnum sem gerðar eru á framkvæmdatíma og samþykktar eru af byggingaryfirvöldum, skrá um samskipti og leiðbeiningar byggingaryfirvalda og eftirlitsaðila, skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, samræmingaraðila, eftirlitsaðila og byggingaryfirvalda vegna hönnunargagna. Gæðastjórnunarkerfi samræmingaraðila skal að auki innihalda lýsingu á og skrá um innra eftirlit samræmingaraðila á hönnunarstigi.

2. Byggingarstjórar:

Gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra skal a.m.k. fela í sér staðfestingu á hæfni byggingarstjóra, endurmenntun hans, skráningu á ákvörðunum varðandi einstakar framkvæmdir, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra, skrá yfir samskipti og leiðbeiningar byggingaryfirvalda og eftirlitsaðila, skrá yfir athugasemdir við störf iðnmeistara, skrá yfir athugasemdir til hönnuða vegna hönnunargagna, lýsingu á og skrá um innra eftirlit byggingarstjóra með framkvæmdinni, lýsingu á undirbúningi og framkvæmd lokaúttektar þar sem m.a. er gengið frá skýrslu yfir allar úttektir, þ.m.t. öryggisúttekt, lýsingu á verki og samþykkt hönnunargögn.

3. Iðnmeistarar:


Iðnmeistarar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi sem feli a.m.k. í sér staðfestingu á hæfni iðnmeistara, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra, skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, auk lýsingar á og skrár um innra eftirlit iðnmeistarans í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð.


Að framan eru talin upp þau atriði sem hið opinbera gerir kröfur um að haldið sé utan um í gæðastjórnunarkerfinu. Gert er ráð fyrir að í upphafi, þ.e. við gerð reglugerðar og vinnslu leiðbeininga á grundvelli laganna verði frumvarpið að lögum, verði metið hvað eru hæfilegar kröfur til gæðastjórnunarkerfis fagaðila þannig að um raunhæfar kröfur sé að ræða þ.e. þannig að það verði ekki of umfangsmikið eða íþyngjandi heldur innihaldi að meginstefnu til aðeins framangreind atriði. Ástæður ítarlegra ákvæða í frumvarpinu eru m.a. til að þrengja heimildir ráðuneytisins til þess að setja auknar kröfur í reglugerð. Almennt hefur verið miðað við að gera ekki of miklar kröfur til þessara aðila í upphafi. Síðan þarf að meta stöðuna eftir nokkur ár og ákveða um framhald málsins, þ.e. hvort rétt sé að yfirfara leiðbeiningar, breyta reglugerð eða jafnvel lögum. Eðlilegt er að fagaðilar fái góðan tíma til að aðlagast þeirri breytingu sem felst í kröfunni um gæðastjórnunarkerfi og að ekki sé gengið lengra í upphafi en nauðsyn ber til. Hugsanlegt er þó að nokkuð ítarlegri kröfur verði gerðar strax í upphafi ef um er að ræða flóknari mannvirki en í 3. tl. 47. gr. er veitt heimild til þess að gera mismunandi kröfur til gæðastjórnunarkerfa aðila eftir gerð mannvirkis. Þá er rétt að geta þess að ákvæði um gæðastjórnunarkerfi eru m.a. til komin vegna óska Samtaka iðnaðarins.

Þess verður gætt sérstaklega við setningu reglugerðar að ákvæði um gæðakerfi íþyngi ekki smærri byggingaraðilum um of. Gert er ráð fyrir að Byggingarstofnun útbúi samræmdar leiðbeiningar og eyðublöð sem smærri aðilar geti hagnýtt sér við að koma sér upp gæðastjórnunarkerfi.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að ofangreind tilvitnun í gæðastjórnunarkerfið ÍST EN ISO 9000 falli úr frumvarpstextanum og að nánari útfærsla á kröfum til gæðastjórnunarkerfa verði í reglugerð.

Fyrir hönd ráðherra


Ingibjörg Halldórsdóttir


Hafsteinn Pálsson